



Dagsetning: 18. janúar 2024
Málsnúmer: 2306007/8.0

Til bæjarráðs

MINNISBLAÐ

Forvarnateymi Fjarðabyggðar kynnir fyrir bæjarráði nýja forvarnastefnu sem gildir fyrir árin 2024 – 2025. Með því að hafa forvarnastefnuna í gildi aðeins í tvö ár er hægt að vinna næstu stefnu samhliða áherslum fræðslu- og frístundastefnunnar fyrir árin 2026 – 2028.

Þegar forvarnateymi Fjarðabyggðar hóf að funda í byrjun árs 2023 kom fljótt í ljós að núgildandi stefna var komin til ára sinna. Stefnan hefur ekki verið uppfærð síðan árið 2002 og augljóst að með breyttum þörfum samfélagsins þarf að uppfæra forvarnastefnuna miðað við þær. Þær áherslur sem eru í núgildandi forvarnastefnu eru vímuefnavarnir, efling sjálfsmyndar og sjálfstrausts og samstarf við foreldra og foreldrafélög. Í nýrri forvarnastefnu verða þessar áherslur enn áberandi auk fleirra sem forvarnateymi Fjarðabyggðar telur þurfa að takast á við og verða þær taldar upp hér fyrir neðan. Einnig var tekin ákvörðun, eftir ábendingu frá öldungaráði, að forvarnastefna Fjarðabyggðar ætti ekki eingöngu að snúa að málefnum barna og ungmenna, heldur á málefni allra íbúa, en með sérstakri áherslu á eldra fólk.

Ný forvarnastefna gefur forvarnateymi Fjarðabyggðar gott tæki til þess að vinna markvisst að nýjum markmiðum. Forvarnateymi Fjarðabyggðar hefur rýnt rannsóknir á borð við Íslensku Æskulýðsrannsóknina. Spurningar í könnuninni koma úr alþjóðlegri rannsókn HBSC (Health behaviour in school aged children) sem unnin er í samstarfi við Alþjóða Heilbrigðisstofnunina. Jafnframt eru í henni spurningar sem eru hluti af mælaborði mennta- og barnamálaráðuneytis um farsæld barna. Samkvæmt niðurstöðum rannsókna og faglegu áliti starfsmanna forvarnateymisins hefur forvarnateymið ákveðið í samstarfi við nefndir sveitarfélagsins, öldungaráð og ungmennaráð að leggja áherslu á eftirfarandi viðfangsefni á árunum 2024 – 2025: Íþróttaiðkun, netöryggi, einelti og ofbeldi, samstarf við foreldra, andleg líðan barna og unglinga, ávanabindandi efni og félagsleg einangrun eldra fólks.



Í fjárhagsáætlun Fjarðabyggðar fyrir árið 2024 er gert ráð fyrir 1.000.000,- kr í forvarnaverkefni, auk þess eru enn fjármunir eftir í styrki frá Alcoa sem verður meðal annars nýttur í að vinna að því að ná markmiðum forvarnastefnunnar.

Eyrún Inga Gunnarsdóttir

Deildarstjóri tórstunda og forvarnamála

